

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 255/2016

2018/EES/56/40

frá 2. desember 2016

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn (um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framseldar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/765 frá 11. mars 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 606/2009 að því er varðar tilteknar vínfraðilegar vinnsluaðferðir ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í 7. mgr. inngangsorða bókunar 47 við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) Bókun 47 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við 10. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 606/2009) í 1. viðbæti við bókun 47 við EES-samninginn:

„– **32016 R 0765**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/765 frá 11. mars 2016 (Stjútíð. ESB L 127, 18.5.2016, bls. 1).“*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/765, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 127, 18.5.2016, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.